

**Frumvarp til laga**  
**um breytingu á lögum nr. 55/2003,**  
**um meðhöndlun úrgangs, með síðari breytingum.**

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Markmið laga þessara er

- a. að vernda umhverfið og heilbrigði manna með því að koma í veg fyrir myndun úrgangs eða draga úr neikvæðum áhrifum vegna myndunar úrgangs og úrgangsstjórnunar og með því að draga úr heildaráhrifum vegna nýtingar auðlinda og bæta nýtnina við nýtinguna,
- b. að stuðla að því að úrgangsstjórnun valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið og mengi ekki vatn, jarðveg né andrúmsloft, svo og að draga úr hættu sem förgun úrgangs getur haft á heilsu manna og dýra.
- c. að dregið verði skipulega úr myndun úrgangsefna eftir því sem unnt er. Þeim úrgangi sem myndast verði komið í endurnotkun og endurnýtingu og nauðsynlegri förgun úrgangs háttáð þannig að hann nái jafnvægi við umhverfi sitt á sem skemmstum tíma.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Lög þessi gilda um úrgangsstjórnun. Um úrgangsstjórnun á sjó gilda lög um varnir gegn mengun sjávar. Ákvæði laga þessara um starfsleyfi taka til móttökustöðva fyrir úrgang.

3. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Í lögum þessum er merking eftirtalinna orða og orðasambanda sem hér greinir:

1. Afskekkt byggð: landsvæði þar sem íbúar í hverju sveitarfélagi eða byggð eru ekki fleiri en 500 og íbúar á ferkílómetra ekki fleiri en fimm og fjarlægð til næsta þéttbýlisstaðar, þar sem íbúar eru minnst 250 á ferkílómetra, er ekki undir 50 kílómetrum eða þar sem vegasamgöngur til næsta þéttbýlisstaðar eru torveldar hluta ársins sakir erfiðra veðurskilyrða.
2. Besta fáanlega tækni: framleiðsluaðferð og tækjakostur sem beitt er til að lágmarka mengun og myndun úrgangs. Tækni nær til framleiðsluaðferðar, tækjakosts, hönnunar mannvirkja, eftirlits og viðhalds búnaðarins og starfrækslu hans. Með fáanlegri tækni er átt við aðgengilega framleiðsluaðferð og tækjakost (tækni) sem þróaður hefur verið til að beita í viðkomandi atvinnurekstri og skal tekið mið af tæknilegum og efnahagslegum forsendum. Með bestu er átt við virkustu aðferðina til að vernda alla þætti umhverfisins gegn mengun.

3. Brennslustöð: hvers kyns tæknibúnaður sem notaður er til að brenna úrgang, hvort sem hitinn sem myndast við brennsluna er nýttur eða ekki.
4. Endurmyndun olíuúrgangs: hvers kyns endurvinnsla þar sem unnt er að framleiða grunnolíu með því að hreinsa olíuúrgang, einkum með því að fjarlægja aðskotaefnin, efni, sem myndast við oxun, og aukefnin sem finnast í slíkum olíuúrgangi.
5. Endurnotkun: hvers kyns aðgerð þar sem vörur eða íhlutir, sem ekki eru úrgangur, eru notuð í sama tilgangi og þau voru ætluð til í upphafi.
6. Endurnýting: aðgerð þar sem aðalútkoman er sú að úrgangur verður til gagns, þar eð hann kemur í stað annars efniviðar, sem hefði annars verið notaður í tilteknum tilgangi, eða hann er útbúinn til þeirrar notkunar, í stöðinni eða úti í hagkerfinu. Í reglugerð sem ráðherra setur er skrá yfir endurnýtingaraðgerðir en hún er ekki tæmandi, sbr. 45. gr.
7. Endurvinnsla: hvers kyns endurnýtingaraðgerð sem felst í því að endurvinna úrgangsefni í vörur, efnivið eða efni, hvort sem er til notkunar í upphaflegum tilgangi eða í öðrum tilgangi. Undir þetta fellur uppvinnsla á lífrænum efniviði, en ekki endurnýting orku, og uppvinnsla sem skilar efni sem á að nota sem eldsneyti eða til fyllingar.
8. Flokkun: aðgreining úrgangstegunda til þess að hægt sé að endurnýta úrgangsefni og koma þeim úrgangi sem ekki nýtist til viðeigandi förgunar.
9. Flutningur: ferli þegar úrgangur er fluttur í atvinnuskyni til endurnotkunar, endurnýtingar eða förgunar.
10. Forvarnir: ráðstafanir, sem gerðar eru áður en efni, efniviður eða vara er orðin að úrgangi, sem draga úr:
  - i. magni úrgangs, þ.m.t. með endurnotkun vara eða framlengingu á notkunartíma vara,
  - ii. neikvæðum áhrifum á umhverfið og heilbrigði manna vegna úrgangs, sem hefur myndast, eða
  - iii. innihaldi skaðlegra efna í efniviði og vörum.
11. Framleiðandi og innflytjandi: aðili sem, óháð þeirri sölutækni sem er notuð,
  - i. framleiðir og selur raf- og rafeindatæki undir eigin vörumerki,
  - ii. endurselur raf- og rafeindatæki, undir eigin vörumerki, sem aðrir birgjar framleiða; endursöluaðilinn telst þó ekki vera framleiðandi ef vörumerki framleiðandans er á tækjabúnaðinum eins og kveðið er á um í i. lið, eða
  - iii. flytur raf- og rafeindatæki inn eða út úr landinu í atvinnuskyni.
12. Framleiðandi og innflytjandi rafhlöðna og rafgeyma: aðili sem, óháð þeirri sölutækni sem er notuð,
  - i. framleiðir og selur rafhlöður eða rafgeyma, eða
  - ii. flytur rafhlöður eða rafgeyma inn eða út úr landinu í atvinnuskyni.
13. Framleiðandi úrgangs: hver sá er stundar starfsemi þar sem úrgangur fellur til (upphaflegur framleiðandi úrgangs) eða hver sá sem stundar forvinnslu, blöndun eða aðra starfsemi sem veldur breytingum á eðli eða samsetningu þessa úrgangs.
14. Förgunarstaður: staður þar sem förgun úrgangs fer fram, m.a. urðunarstaðir og brennslustöðvar.
15. Förgun: hvers kyns aðgerð sem er ekki endurnýting, jafnvel þótt aðgerðin hafi að auki í för með sér endurheimt efna eða orku. Í reglugerð sem ráðherra setur má finna skrá fyrir förgunaraðgerðir, en hún er ekki tæmandi, sbr. 45. gr.
16. Grunnvatn: vatn í gegnmettuðum jarðlögum undir yfirborði jarðar.
17. Handhafi úrgangs: framleiðandi úrgangs eða einstaklingurinn eða lögaðilinn sem hefur hann í vörslu sinni.

18. Heimilisúrgangur (sorp): úrgangur frá heimilum, t.d. matarleifar, pappír, pappi, plast, garðaúrgangur, gler, timbur, málmar og sams konar leifar frá rekstraraðilum o.þ.h.
19. Lífbrjótanlegur úrgangur: allur úrgangur sem getur brotnað niður á loftfirrtan eða loftháðan hátt, svo sem matar- og garðaúrgangur og pappír og pappi.
20. Lífrænn úrgangur: lífbrjótanlegur garðaúrgangur, matar- og eldhúsúrgangur frá heimilum, veitingastöðum, veislubjónustufyrirtækjum og smásölum og sambærilegur úrgangur frá vinnslustöðvum matvæla.
21. Losunarmörk: mörk fyrir leyfilega losun sem óheimilt er að fara yfir á einu eða fleiri tímabilum. Mörkin geta verið tilgreind sem massi, rúmmál, styrkur eða aðrar breytur.
22. Meðhöndlun: endurnýtingar- eða förgunaraðgerðir, þ.m.t. undirbúningur fyrir endurnýtingu eða förgun.
23. Mengun: þegar örverur, efni og efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinkun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis og ýmissa óæskilegra eðlisfræðilegra þátta.
24. Miðlari: hvert það fyrirtæki sem sér um endurnýtingu eða förgun úrgangs fyrir hönd annarra, þ.m.t. miðlarar sem taka ekki úrganginn í vörslu sína.
25. Móttökustöð: staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi til geymslu til lengri eða skemmri tíma, til umhleðslu, flokkunar eða annarrar meðhöndlunar. Þaðan fer úrgangurinn til förgunar eða nýtingar, eða honum er fargað á staðnum. Undir móttökustöð falla förgunarstaðir.
26. Námuúrgangsstaður: staður í námu þar sem spilliefni sem notuð eru eða til falla við námuvinnsluna eru meðhöndluð sem úrgangur.
27. Óvirkur úrgangur: úrgangur sem breytist ekki verulega líf-, efna- eða eðlisfræðilega.
28. Raf- og rafeindatæki: búnaður sem þarf rafstraum eða rafsegulsvið til að geta starfað á réttan hátt og búnaður til að framleiða, flytja og mæla slíkan rafstraum og rafsegulsvið og er hannaður til notkunar við rafspennu sem fer ekki yfir 1000 volt þegar um er að ræða riðstraum og ekki yfir 1500 volt þegar um er að ræða jafnstraum, þ.m.t. allir íhlutir, undireiningar og aukahlutir sem eru hluti af búnaðinum.
29. Raf- og rafeindatækjaúrgangur: raf- og rafeindatæki sem fleygt er, í heild eða að hluta, þar á meðal íhlutir, undireiningar og aukahlutir.
30. Raf- og rafeindatækjaúrgangur frá heimilum: raf- og rafeindatækjaúrgangur sem kemur frá heimilum, einnig raf- og rafeindatækjaúrgangur frá verslun, iðnaði, stofnunum og annars staðar frá sem er að eðli og umfangi svipaður þeim sem kemur frá heimilum.
31. Rafhlaða eða rafgeymir: uppspretta raforku sem myndast við beina umbreytingu efnaorku og samanstendur af einu einhlaði eða fleiri eða einu endurhlaði eða fleiri.
32. Rekstraraðili: einstaklingur eða lögaðili sem ber ábyrgð á úrgangsstjórnun í samræmi við ákvæði starfsleyfis.
33. Rekstrarúrgangur: úrgangur frá framleiðslu, þjónustu og verslun, t.d. matarleifar, pappír, pappi, plast, gler, timbur, málmar, leifar frá framleiðslu o.þ.h.
34. Samþættar mengunarvarnir: aðferð þar sem samþættum aðgerðum er beitt til að draga sem mest úr losun mengunarefna út í andrúmsloft, vatn eða jarðveg og stuðla að víðtækri umhverfisvernd með því að lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið ef mengun færist á milli lofts, láðs og lagar.
35. Seljandi: hvert það fyrirtæki sem á eigin ábyrgð kaupir úrgang og selur hann síðan aftur, þ.m.t. þeir seljendur sem taka ekki úrganginn í vörslu sína.

36. Skilakerfi: fyrirtæki eða aðili sem tekur að sér ábyrgð framleiðanda og innflytjanda á raf- og rafeindatækjaúrgangi.
37. Spilliefni: úrgangur sem inniheldur efni sem haft geta mengandi eða óæskileg áhrif á umhverfið hvort sem þau eru óblönduð eða hluti af öðrum efnum, vörum eða umbúðum sem komist hafa í snertingu við spilliefni og skráð eru á lista í reglugerð um úrgang, sbr. 45. gr.
38. Sérstök söfnun: söfnun þar sem straumi úrgangs er haldið aðskildum eftir tegund og eðli til að auðvelda tiltekna meðhöndlun.
39. Söfnun: það að safna úrgangi saman, þ.m.t. forflokkun og bráðabirgðageymsla úrgangs fyrir flutning á móttökustöð.
40. Söfnunarstöð (gámastöð): staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi frá almenningi og/eða smærri fyrirtækjum. Þaðan fer hann til endurnotkunar og endurnýtingar eða er fluttur til móttökustöðva.
41. Tilkynnandi: hver sá sem hyggst flytja út úrgang eða láta flytja út úrgang og er skylt að tilkynna um það samkvæmt lögum þessum. Tilkynnandi er einn af eftirfarandi aðilum sem forgangsraðast svo: framleiðandi úrgangs, sá sem meðhöndlar úrgang, flytjandi úrgangs. Ef enginn af framangreindum aðilum er þekktur er tilkynnandi sá sem hefur úrgang í vörslu sinni.
42. Undirbúningur fyrir endurnotkun: hvers kyns aðgerðir, sem felast í skoðun, hreinsun eða viðgerð, þar sem vörur eða íhlutir þeirra, sem eru orðin að úrgangi, eru útbúin þannig að þau megi endurnota án annarrar forvinnslu.
43. Umflutningur: flutningur úrgangs í höfn eða á flugvöll og þaðan aftur án tollafgreiðslu.
44. Urðun: varsla úrgangs á eða í landi sem ekki felur í sér frekari vinnslu hans eða nýtingu um fyrirsjáanlega framtíð.
45. Urðunarstaður: staður þar sem tekið er við úrgangi til förgunar á eða í landi, þar á meðal urðunarstaður fyrir eigin úrgang og varanlegur staður þar sem úrgangur er geymdur til lengri tíma.
46. Úrgangur: hvers kyns efni eða hlutir sem framleiðandi úrgangs eða sá sem hefur úrgang í vörslu sinni ákveður að losa sig við eða er gert að losa sig við á tiltekinn hátt og skráður er á lista í reglugerð um úrgang, sbr. 45. gr.
47. Úrgangsstjórnun: söfnun, flutningur, endurnýting og förgun úrgangs, þ.m.t. eftirlit með slíkri starfsemi og umsjón með förgunarstöðum eftir að þeim er lokað, þ.m.t. starfsemi „seljenda“ eða „miðlara“.
48. Vatn: grunnvatn og yfirborðsvatn.
49. Vöktun: kerfisbundin og síendurtekin skráning einstakra breytilegra þátta í umhverfinu.
50. Yfirborðsvatn: kyrrstætt eða rennandi vatn á yfirborði jarðar, straumvötn, stöðuvötn og jöklar, svo og strandsjór.

4. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum. Á varnarsvæðum fer ráðherra er fer með málefni varnarsvæða með lögsögu samkvæmt lögum um yfirstjórn mála á varnarsvæðum.

Umhverfisstofnun annast eftirlit með framkvæmd laga þessara. Heilbrigðisnefndir annast eftirlit með söfnun og meðhöndlun á úrgangi sem fellur ekki undir eftirlit með starfsleyfi og fjallað er um í 10. gr.

5. gr.

Á eftir 4. gr. laganna koma 10 nýjar greinar, ásamt fyrisögnum, og breytist töluröð annarra greina samkvæmt því sem og tilvísun milli greina.

Hinar nýju greinar orðast svo:

a. (5. gr.)

*Úrgangsstjórnunaráætlanir.*

Ráðherra gefur út til tólf ára í senn úrgangsstjórnunaráætlun sem gildir fyrir landið allt, landsáætlun um úrgang. Umhverfisstofnun vinnur tillögu að áætluninni og leggur fyrir ráðherra, að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga, Samtaka atvinnulífsins og fleiri aðila eftir því sem við á. Áætlunin skal taka mið af lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim og hafa að markmiði að draga markvisst úr myndun úrgangs og auka endurnotkun og endurnýtingu. Í áætluninni skulu m.a. koma fram upplýsingar um stöðu úrgangsmála í landinu og aðgerðir eða stefnumörkun til að bæta endurnotkun, endurnýtingu og förgun. Umhverfisstofnun skal auglýsa drög að landsáætlun í sex vikur þannig að hagsmunaaðilar, almenningur og stjórnvöld hafi tækifæri til að gera athugasemdir við hana. Almenningsi skal tryggður aðgangur að áætluninni, m.a. á vefsetri Umhverfisstofnunar. Meta skal áætlunina á a.m.k. sex ára fresti og endurskoða hana eftir þörfum.

Sveitarstjórn skal semja og staðfesta úrgangsstjórnunaráætlun sem gildir fyrir viðkomandi svæði til tólf ára í senn, svæðisáætlun um úrgang, og skal sú áætlun fylgja markmiðum landsáætlunar, sbr. 2. mgr. Í áætluninni skulu m.a. koma fram upplýsingar um stöðu úrgangsmála á svæðinu, aðgerðir til að bæta endurnotkun, endurnýtingu og förgun og gerð grein fyrir því hvernig sveitarstjórn hyggst ná markmiðum landsáætlunar. Sveitarstjórnir hafa heimild til að gera sameiginlega áætlun fyrir sín svæði eða svæði einstakra sorpsamlaga. Við gerð áætlunarinnar skal auglýsa hana í sex vikur þannig að hagsmunaaðilar, almenningur og stjórnvöld hafi tækifæri til að gera athugasemdir við hana. Kynna skal áætlunina í samræmi við lög nr. 105/2006, um umhverfismat áætlana, þegar við á. Almenningsi skal tryggður aðgangur að áætluninni og hún skal aðgengileg á netinu. Meta skal áætlunina á a.m.k. sex ára fresti og gera breytingar á henni sé þörf á. Áætlunin skal auglýst eins og hér að framan greinir á a.m.k. sex ára fresti, hvort sem henni hefur verið breytt eður ei.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um þessa grein, sbr. 45. gr.

b. (6. gr.)

*Áætlun um forvarnir gegn myndun úrgangs.*

Ráðherra gefur út til tólf ára í senn áætlun um forvarnir gegn myndun úrgangs sem gildir fyrir landið allt, landsáætlun um minnkun úrgang. Heimilt er að hafa áætlunina sem aðgreindan hluta af landsáætlun um úrgang, sbr. 5. gr. Umhverfisstofnun vinnur tillögu að áætluninni og leggur fyrir ráðherra, að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga, Samtaka atvinnulífsins og fleiri aðila eftir því sem við á. Áætlunin skal taka mið af lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim og hafa að markmiði að draga markvisst úr myndun úrgangs. Í áætluninni skulu

Drög 2.3.2012

m.a. koma fram markmið um forvarnir gegn myndun úrgangs, lýsa þeim forvarnarráðstöfunum sem þegar eru fyrir hendi og meta gagnsemi tiltekinna ráðstafana. Umhverfisstofnun skal auglýsa drög að landsáætlun í sex vikur þannig að hagsmunaaðilar, almenningur og stjórnvöld hafi tækifæri til að gera athugasemdir við hana. Almenningi skal tryggður aðgangur að áætluninni, m.a. á vefsetri Umhverfisstofnunar. Meta skal áætlunina á a.m.k. sex ára fresti og endurskoða hana eftir þörfum.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um þessa grein, sbr. 45. gr.

c. (7. gr.)

#### *Söfnun úrgangs.*

Sveitarstjórn skal ákveða fyrirkomulag söfnunar á úrgangi í sveitarfélaginu. Þó skal sveitarstjórn tryggja að sérstök söfnun, sbr. 12. gr., fari fram með þeim hætti að unnt sé að losa slíkan úrgang við íbúðarhús, lögbýli og atvinnuhúsnæði og við afleggjara að sumarhúsi. Sveitarstjórn skal sjá til þess að úrgangi sé safnað í sveitarfélaginu og að honum sé ráðstafað í samræmi við þessi lög og reglugerðir settum samkvæmt þeim. Jafnframt skal sveitarstjórn sjá til þess að starfrækt sé móttökustöð fyrir úrgang. Sveitarstjórn getur sett sveitarfélaginu sérstaka samþykkt þar sem tilgreind eru atriði um söfnun og meðhöndlun úrgangs umfram það sem greinir í lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Í slíkri samþykkt er heimilt að kveða á um skyldu einstaklinga og lögaðila til að flokka úrgang og sambærileg atriði. Um gerð og staðfestingu samþykktarinnar fer skv. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Hafi sveitarstjórn ákveðið að sjá sjálf um annað hvort eða bæði söfnun úrgangs og rekstur móttökustöðvar skal hún stofna sjálfstætt félag um þá starfsemi sem starfar á samkeppnismarkaði.

d. (8. gr.)

#### *Úrgangsmetakerfi.*

Við forgangsröðun í forvörnum gegn myndun úrgangs sem og í löggjöf um stjórnun og stefnu í úrgangsmálum skal eftirfarandi úrgangsmetakerfi vera lagt til grundvallar:

- a. forvarnir
- b. undirbúningur fyrir endurnotkun,
- c. endurvinnsla
- d. önnur endurnýting, t.d. endurnýting orku, og
- e. förgun.

Við beitingu á úrgangsmetakerfinu skal leitast við að velja þá kosti sem skila bestu heildarniðurstöðunni fyrir umhverfið. Þetta getur útheimt að tilteknir straumar úrgangs víki út frá metakerfinu þegar slíkt er réttlæt看legt út frá hugsun um áhrif alls vistferilsins á myndun og stjórnun slíks úrgangs.

Drög 2.3.2012

Almennt skal taka tillit til hinna almennu meginreglna um umhverfisvernd sem snúast um varúð og sjálfbærni, tæknilegan og efnahagslegan framkvæmanleika og verndun auðlinda, sem og heildaráhrifin á umhverfið, heilbrigðimanna, hagkerfið og samfélagið, í samræmi við 1. gr.

e. (9. gr.)

*Vernd heilbrigðis manna og umhverfisins.*

Almennt skal tryggja að úrgangsstjórnun fari þannig fram að ekki skapist hætta fyrir heilbrigði manna, skaði ekki umhverfið og þá einkum:

- a. að ekki skapist áhætta fyrir vatn, loft, jarðveg, gróður eða dýr,
- b. að ekki skapist óþægindi vegna hávaða eða ólyktar og
- c. að ekki komi fram skaðleg áhrif á landslag eða staði sem hafa sérstakt gildi.

f. (10. gr.)

*Söfnun og meðhöndlun úrgangs.*

Öllum úrgangi skal vera safnað og hann meðhöndlaður, eftir atvikum í söfnunar- eða móttökustöð, eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum þessum, reglugerðum settum samkvæmt þeim eða samþykktum sveitarfélaga.

Óheimilt er að skilja eftir, flytja, dreifa eða geyma úrgang á þann hátt að valdið geti skaða, mengun eða lýtum á umhverfinu.

Opin brennsla úrgangs er óheimil. Þetta á þó ekki við um skipulagðar brennur, svo sem áramótabrennur, sem starfsleyfi hefur verið veitt fyrir samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

g. (11. gr.)

*Endurnýting.*

Úrgangur skal fara í gegnum endurnýtingaraðgerðir í samræmi við 8. gr. og 9. gr. að eins miklu leyti og unnt er.

Safna skal úrgangi sérstaklega ef það er nauðsynlegt til að fara að 1. mgr. og til að auðvelda eða bæta endurnýtingu og ef það er tæknilega, umhverfislega og efnahagslega gerlegt og skal ekki blanda honum saman við annan úrgang eða efnivið sem hefur aðra eiginleika.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um þessa grein, sbr. 45. gr.

h. (12. gr.)

*Endurnotkun og endurvinnsla.*

Almennt skal við úrgangsstjórnun stuðlað að endurnotkun á vörum og undirbúning fyrir endurnotkun og komi verði á fót endurnotkunar- og endurvinnslukerfum.

Drög 2.3.2012

Almennt skal við úrgangsstjórnun stuðlað að hágæðaendurvinnslu og koma í því skyni upp sérstakri söfnun á úrgangi þar sem það er tæknilega, umhverfislega og efnahagslega gerlegt og viðeigandi til að uppfylla nauðsynlega gæðastaðla í viðkomandi endurvinnslugeira.

Koma skal á sérstakri söfnun á a.m.k. eftirfarandi: pappír, málmum, plasti, gleri og lífrænum úrgangi.

i. (13. gr.)

*Förgun.*

Úrgangur, sem ekki er endurnýttur skv. 11. gr., skal fargað í samræmi við 8. gr. sem og önnur ákvæði laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um þessa grein, sbr. 45. gr.

j. (14. gr.)

*Töluleg markmið og viðmiðanir.*

Við úrgangsstjórnun skal ná tilteknum tölulegum markmiðum, sértækum markmiðum, vísum eða viðmiðunum um forvarnir, undirbúning fyrir endurnotkun, endurvinnslu, endurnýtingu og förgun.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um þessa grein, sbr. 45. gr.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna sem verður 15. gr.:

- a. Orðin „og aðra meðferð úrgangs samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir“ í 2. másl. 2. mgr. 5. gr. falla brott.
- b. Orðin „aðra en flutning, en söfnunar- og móttökustöðvum sem heilbrigðisnefndir veita starfsleyfi er þó heimilt að taka á móti tilteknum spilliefnum frá almenningi og/eða smærri fyrirtækjum enda verði ekki um aðra meðhöndlun að ræða en söfnun og geymslu til skamms tíma“ í 4. másl. 2. mgr. 5. gr. falla brott.

7. gr.

Í stað orðsins „meðhöndlunar“ í 7. gr. laganna, sem verður 17. gr., kemur: úrgangsstjórnunar.

8. gr.

Á eftir 8. gr. laganna, sem verður 18. gr., koma þrjár nýjar greinar, ásamt fyrisögnum, og breytist töluröð annarra greina samkvæmt því sem og tilvísun milli greina.

Hinar nýju greinar orðast svo:



Drög 2.3.2012

a. (19. gr.)

*Tilkynning um rekstur.*

Rekstraraðilar eftirfarandi fyrirtækja skulu tilkynna Umhverfisstofnun um upphaf og lok rekstrar:

- a. stöðvar eða fyrirtæki sem safna eða flytja úrgang í atvinnuskyni,
- b. seljendur eða miðlara,
- c. söfnunarstöðva og
- d. endurnýting úrgangs.

b. (20. gr.)

*Skrá yfir fyrirtæki.*

Umhverfisstofnun skal halda skrá yfir eftirfarandi fyrirtæki:

- a. fyrirtæki sem hafa starfsleyfi, sbr. 15. gr.
- b. stöðvar eða fyrirtæki sem safna eða flytja úrgang í atvinnuskyni,
- c. seljendur eða miðlara,
- d. söfnunarstöðvar og
- e. endurnýting úrgangs.

Umhverfisstofnun skal hafa skrá skv. 1. mgr. aðgengilega á heimasíðu stofnunarinnar.

c. (21. gr.)

*Lágmarkskröfur.*

Ráðherra er heimilt að setja ákvæði í reglugerð um lágmarkstæknikröfur fyrir meðhöndlun úrgangs, sbr. 45. gr.

9. gr.

9. gr. laganna, sem verður 22. gr., orðast svo:

Rekstraraðilar, seljendur og miðlarar skulu fyrir 1. maí ár hvert skila til Umhverfisstofnunar skýrslu um þann úrgang sem meðhöndlaður var, eða höfð milliganga um meðhöndlun, á undangengnu almanaksári. Skal skýrslan innihalda upplýsingar um tegundir úrgangsins og magn, uppruna og ráðstöfun hvernar tegundar. Skýrslan skal vera á því formi sem Umhverfisstofnun leggur til. Framleiðendur úrgangs sem farga eigin úrgangi á framleiðslustað eða flytja utan eigin úrgang til meðhöndlunar skulu fyrir 1. maí ár hvert skila til Umhverfisstofnunar sambærilegri skýrslu sem inniheldur upplýsingar um tegundir úrgangsins og magn og ráðstöfun hvernar tegundar.

Rekstraraðilar skulu skila fyrir 1. maí ár hvert skýrslu til útgefanda starfsleyfi skv. 2. mgr. 15. gr. um eftirlit með umhverfi og rekstrarþáttum sem valdið geta mengun eða losun út í umhverfið, eftir því sem nánar greinir í starfsleyfi og 62. gr. að því er varðar urðunarstaði, fyrir undangengið almanaksár.

Drög 2.3.2012

Varðandi framangreinda upplýsingagjöf er heimilt að vísa til skýrslu um grænt bókhald samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir eða til ársskýrslu ef þar er að finna sömu upplýsingar.

Umhverfisstofnun getur óskað eftir upplýsingum um magn, tegund og uppruna úrgangs frá rekstraraðila, skilakerfi og frá félagi sem sér um söfnun og endurvinnslu umbúða sem falla undir lög nr. 52/1989, um ráðstöfun gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur.

10. gr.

10. gr. laganna, sem verður 23. gr., ásamt fyrirsögn orðast svo:

*Aukaafurðir.*

Efni eða hlutur, sem verður til í framleiðsluferli þar sem frumtilgangurinn er ekki framleiðsla þess efnis eða hlutar, getur aðeins talist vera aukaafurð en ekki úrgangur að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- a. öruggt er að efnið eða hluturinn verða notuð áfram,
- b. nota má efnið eða hlutinn beint án frekari vinnslu, annarrar en þeirrar er viðtekin venja í iðnaði,
- c. efnið eða hluturinn eru framleidd sem óaðskiljanlegur hluti í framleiðsluferli og
- d. frekari notkun er lögmæt, þ.e. efnið eða hluturinn uppfyllir allar sérstækar vöru-, umhverfis- og heilsuverndarkröfur vegna viðkomandi notkunar og mun ekki hafa í för með sér neikvæð áhrif á umhverfið eða heilbrigði manna þegar til heildarinnar er litið.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um þessa grein, sbr. 45. gr.

11. gr.

Á eftir 10. gr. laganna, sem verður 23. gr., koma tvær nýjar greinar, ásamt fyrirsögnum, og breytist töluröð annarra greina samkvæmt því sem og tilvísun milli greina

Hinar nýju greinar orðast svo:

a. (24. gr.)

*Lok úrgangsfasa.*

Sérstakur úrgangur af tilteknu tagi hættir að vera úrgangur þegar hann hefur farið í gegnum endurnýtingaraðgerð, m.a. endurvinnslu, og uppfyllir þær sértæku viðmiðanir sem ráðherra setur í reglugerð, sbr. 45. gr. í samræmi við eftirfarandi skilyrði:

- a. efnið eða hluturinn eru yfirleitt notuð í sérstökum tilgangi,
- b. markaður eða eftirspurn er eftir slíku efni eða hlut,
- c. efnið eða hluturinn uppfyllir tæknilegu kröfurnar fyrir þennan sérstaka tilgang og samræmist þeirri löggjöf og þeim stöðlum, sem gilda um vörur, og

Drög 2.3.2012

- d. notkun á efninu eða hlutnum hefur ekki neikvæð áhrif fyrir umhverfið eða heilbrigði manna þegar til heildarinnar er litið.

Viðmiðanir skv. 1. mgr. skulu m.a. felast í viðmiðunarmörkum fyrir mengunarvalda, ef nauðsyn krefur, og í þeim skal taka tillit til allra hugsanlegra neikvæðra umhverfisáhrifa vegna efnisins eða hlutarins.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um þessa grein, sbr. 45. gr.

b. (25. gr.)

#### *Skrá yfir úrgang.*

Ráðherra skal setja í reglugerð skrá yfir úrgang, sbr. 45. gr. Skráin yfir úrgang skal m.a. taka til spilliefna og taka tillit til uppruna og samsetningar úrgangsins, og ef nauðsyn krefur, viðmiðunarmarka fyrir styrk hættulegra efna. Skráin skal tilgreina með skýrum hætti hvort úrgangur sé spilliefni eður ei og er sú tilgreining bindandi. Þótt efni eða hlutur sé tilgreindur í skránni þarf það ekki að merkja að efnið eða hluturinn teljist úrgangur í öllum tilvikum. Efni eða hlutur telst því aðeins úrgangur falli hann undir skilgreiningu á úrgangi.

12. gr.

11. gr. laganna, sem verður 26. gr., ásamt fyrirsögn orðast svo:

#### *Gjald fyrir söfnun og meðhöndlun úrgangs.*

Rekstraraðili förgunarstaðar, hvort sem um er að ræða sveitarfélag, byggðasamlag eða einkaaðila, skal innheimta gjald fyrir förgun úrgangs. Gjaldið skal nægja fyrir öllum kostnaði við förgun úrgangsins, þ.m.t. uppsetningu og rekstur viðkomandi förgunarstaðar. Þar sem úrgangur er urðaður skal gjaldið einnig að svo miklu leyti sem unnt er standa undir kostnaði sem fylgir því að setja fjárhagslega tryggingu eða jafngildi hennar, sbr. 60. gr., áætluðum kostnaði við lokun staðarins og nauðsynlegu eftirliti í kjölfar lokunar í 30 ár. Ákvæði þetta gildir þó ekki um rekstraraðila sem aðeins annast förgun á eigin úrgangi á framleiðslustað, sbr. 3. mgr. 15. gr.

Óheimilt er að taka gjald fyrir móttöku úrgangs á söfnunarstöð.

Sveitarfélögum skal innheimta gjald fyrir alla söfnun úrgangs sem og vegna fræðslu og kynningarmála. Heimilt er að miða gjaldið við magn úrgangs og gerð úrgangs. Gjaldið skal vera fast gjald á hverja fasteignareiningu vegna:

- a. íbúðarhúsa,
- b. sumarhúsa,
- c. lögbýla eða
- d. atvinnuhúsnæðis.

Sveitarfélögum skal innheimta gjald fyrir alla meðhöndlun úrgangs. Heimilt er að miða gjaldið við magn úrgangs og gerð úrgangs. Gjaldið skal vera fast gjald á hverja fasteignareiningu vegna:

- a. íbúðarhúsa,

Drög 2.3.2012

- b. sumarhúsa,
- c. lögbýla eða
- d. atvinnuhúsnæðis.

Gjald sem sveitarfélag eða byggðasamlag innheimtir skal þó aldrei vera hærra en nemur þeim kostnaði sem fellur til í sveitarfélaginu við söfnun og meðhöndlun úrgangs og vegna fræðslu og kynningarmála.

Sveitarfélögum er heimilt að fela stjórn byggðasamlags að ákvarða framangreint gjald. Sveitarfélag eða viðkomandi byggðasamlag skal láta birta gjaldskrá í B-deild Stjórnartíðinda. Gjaldið má innheimta með aðför.

13. gr.

Á eftir 11. gr., sem verður 26. gr., kemur ný grein, 27. gr., ásamt fyrirsögn og breytist töluröð annarra greina samkvæmt því sem og tilvísun milli greina.

Hin nýja grein orðast svo:

*Fræðsla til almennings.*

Umhverfisstofnun skal sjá um gerð fræðsluefnis, upplýsa og fræða almenning um úrgangsstjórnun í samráði við sveitarfélög, Úrvinnslusjóð, aðila sem bera framleiðendaábyrgð, fyrirtækja á skrá Umhverfisstofnunar, sbr. 20. gr. og aðra aðila eftir því sem við á.

14. gr.

29. gr. laganna, sem verður 45. gr., orðast svo:

Ráðherra setur, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar og að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, reglugerð um eftirtalin atriði varðandi framkvæmd laga þessara:

1. nánari skilgreiningar á spilliefnum og öðrum úrgangi, svo og skrá yfir úrgang,
2. að hvaða leyti blöndun, móttaka og förgun einstakra tegunda úrgangs eða úrgangsflokka er takmörkuð eða bönnuð,
3. aðferðir við móttöku og meðhöndlun úrgangs, þ.m.t. förgunarleiðir,
4. skrá yfir endurnýtingaraðgerðir, sbr. 11. gr. og skrá yfir förgunaraðgerðir, sbr. 13. gr.,
5. hvaða úrgang heimilt er að meðhöndla í hverjum flokki móttökustöðva,
6. töluleg markmið um fovarnir, undirbúning fyrir endurnotkun, endurvinnslu, endurnýtingu og förgun úrgangs, reiknaaðferðir og hlutverk Umhverfisstofnunar við að hafa eftirlit með því að sett markmið náist, sbr. 14. gr.,
7. viðmiðanir fyrir forvarnir gegn myndun úrgangs sem samþykkja skal til að vakta, sértæk markmið og vísa, sbr. 14 gr.,
8. aukaafurðir og viðmiðanir sem tiltekin efni eða hlutir þurfa að uppfylla til að teljast vera aukaafurðir, sbr. 23. gr.,
9. lok úrgangsfasa, sbr. 24. gr.,
10. lágmarkstækniröfur fyrir meðhöndlun úrgangs, sbr. 21. gr.,
11. spilliefni, umbúðir og merkingar spilliefna, blöndun spilliefna, auðkennisskírteini og gögn sem þar koma fram, skráningu spilliefna, sbr. 55. gr., 56. gr. og 57. gr.,
12. lífrænan úrgang og lífbrjótanlegan úrgang, sbr. 58. gr.,

13. hvaða úrgang heimilt er að meðhöndla á námuúrgangsstað, flokkun, hönnun og stjórnun námuúrgangsstaðar, kröfur um úrgangsáætlanir frá rekstraraðilum námuúrgangsstaðar og kröfur um starfsleyfistryggingu,
14. nánari atriði um innihald úrgangsstjórnunaráætlana sbr. 5. gr. sem og áætlun um forvarnir gegn myndun úrgangs, sbr. 6. gr.,
15. starfsleyfistryggingu skv. 60. gr.,
16. nánari atriði sem varða skilyrði starfsleyfis, þ.m.t. meðhöndlun á hauggasi og sigvatni frá urðunarstöðum,
17. tíðni mælinga og sýnatöku vegna vöktunar og annars eftirlits, þar á meðal í kjölfar lokunar, sbr. 62. gr.,
18. kröfur um mælingar, losun og styrk mengandi efna í útblásturslofti, svifösku, ösku, botnleðju og fráveituvatni,
19. hvernig staðið skal að lokun móttökustöðvar,
20. eftirlit með flutningi úrgangs milli landa og tilkynningarskyldu þeirra sem meðhöndla og flytja slíkan úrgang, fjárhagslega ábyrgð og tryggingu skv. 33. gr.,
21. bann eða takmörkun á flutningi úrgangs til og frá tilteknum löndum, annars vegar til förgunar og hins vegar til endurnýtingar,
22. nánari atriði er varða ólöglegan útflutning, innflutning og umflutning á úrgangi og skyldur aðila til að taka úrgang til baka,
23. skrá sem framleiðandi úrgangs eða sá sem hefur úrgang í vörslu sinni skal halda, m.a. yfir magn og uppruna úrgangs, áfangastað og viðtakanda hans,
24. samþykki Umhverfisstofnunar, hvaða úrgangur er háður slíku samþykki og eyðublöð fyrir tilkynningu um flutning úrgangs, ásamt sértækum leiðbeiningum og hvaða upplýsingar og skjöl þurfa að fylgja tilkynningunni,
25. önnur atriði sem samræmast lögum þessum.

15. gr.

Á eftir VII. kafla laganna koma tveir nýir kaflar, VIII., **Spilliefni**, með þremur nýjum greinum, 55., 56. og 57. gr., ásamt fyrirsögnum, og IX., **Lífrænn úrgangur**, með einni nýrri grein, 58. gr., og breytist töluröð annarra greina og kafla samkvæmt því sem og tilvísun milli greina.

Hinar nýju greinar orðast svo:

a. (55. gr.)

*Spilliefni.*

Framleiðsla, söfnun og flutningur spilliefna, sem og geymsla þeirra og meðhöndlun skal vera í samræmi við 9. gr.

Spilliefnum má ekki hvorki blanda saman við önnur spilliefni né annan úrgang, efni eða efnivið. Þynning spilliefna telst vera blöndun.

Þrátt fyrir 2. mgr. er fyrirtæki, sem hefur starfsleyfi skv. 15. gr., heimilt að annast blöndun spilliefna að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- a. farið sé að ákvæðum 9. gr. og neikvæðar afleiðingar af meðhöndlun spilliefna aukist ekki og

Drög 2.3.2012

b. bestu, fáanlegu tækni sé beitt við blöndunina.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um þessa grein, sbr. 45. gr.

b. (56. gr.)

#### *Merking spilliefna.*

Við söfnun, flutning og tímabundna geymslu spilliefna skal setja þau í viðeigandi umbúðir og þau merkt á viðeigandi hátt.

Við flutning spilliefna á milli staða skal fylgja þeim auðkennisskírteini þar sem fram koma m.a. helstu upplýsingar um spilliefnin.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um þessa grein, sbr. 45. gr.

c. (57. gr.)

#### *Skráning spilliefna.*

Handhafi spilliefna skal halda skrár um magn og gerð spilliefna og tilgreina ráðstöfun þeirra.

Allar færslur skulu varðveittar í a.m.k. 3 ár. og skulu eftirlitsaðilar hafa aðgang að þeim.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um þessa grein, sbr. 45. gr.

d. (58. gr.)

#### *Lífrænn úrgangur.*

Lífrænn úrgangur skal meðhöndlaður í samræmi við 8. gr. og 9. gr. að eins miklu leyti og unnt er, einkum í því skyni að:

- a. nota hann í moltugerð og
- b. nota efni sem framleidd eru úr honum.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um þessa grein, sbr. 45. gr.

16. gr.

Lög þessi eru sett til innleiðingar á tilskipun 2008/98/EB um úrgang og niðurfellingu tiltekinna tilskipana.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó skal 3. mgr. h-liðar 5. gr. ekki öðlast gildi fyrr en 1. janúar 2015.

*Athugasemdir um einstakar greinar.*

Um 1. gr.

Í greininni er lögð til breyting á markmiðsákvæði nógildandi laga. Í a-lið greinarinnar er lagt til að markmið laganna verði að vernda umhverfið og heilbrigði manna með því að koma í veg fyrir myndun úrgangs eða draga úr neikvæðum áhrifum vegna myndunar úrgangs og úrgangsstjórnunar og með því að draga úr heildaráhrifum vegna nýtingar auðlinda og bæta nýtnina við nýtinguna. Að öðru leyti er greinin efnislega samhljóða nógildandi 1. gr. laganna. Greinin er sett til innleiðingar á 1. gr. tilskipunar 2008/98/EB.

Um 2. gr.

Í greininni er lagt að 2. gr. nógildandi laga verði breytt. Með frumvarpinu er lögð til breyting á hugtakanotkun varðandi hugtakið meðhöndlun úrgangs. Með frumvarpinu er hugtakið meðhöndlun úrgangs þrengt frá því sem er í nógildandi lögum. Í frumvarpinu er hugtakið úrgangsstjórnun notað um hugtakið meðhöndlun úrgangs í nógildandi lögum. Því er lagt til að orðalagi 2. gr. nógildandi laga verði breytt til samræmis við nýja hugtakanotkun.

Um 3. gr.

Í greininni er að finna tillögur um nýjar skilgreiningar sem bæta á við 3. gr. laganna og einnig breytingar á skilgreiningum sem fyrir eru. Greinin er m.a. sett til innleiðingar á 3. gr. tilskipunar 2008/98/EB.

Um 4. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 4. gr. laganna.

Um 5. gr.

Í greininni er lagt til að tíu nýjar greinar bætist við lögin.

*Um a-lið (5. gr.)*

Í a-lið er lagt til að nýtt hugtak verði notað um landsáætlun um meðhöndlun úrgangs og svæðisáætlanir sveitarfélaga sem kveðið er á um í 4. gr. nógildandi laga. Lagt er til að hugtakið úrgangsstjórnunaráætlun verði notað um þessar áætlanir. Greinin er sett til innleiðingar á 28. gr. tilskipunar 2008/98/EB. Að öðru leyti er greinin efnislega samhljóða 4. gr. laganna.

*Um b-lið (6. gr.)*

Í b-lið er lagt til að ráðherra gefi út til tólf ára í senn áætlun um forvarnir gegn myndun úrgangs sem gildir fyrir landið allt, landsáætlun um minnkun úrgang. Heimilt er að hafa áætlunina sem aðgreindan hluta af landsáætlun um úrgang, sbr. 5. gr. Lagt er til að áætlunin verði unnin með sama hætti og landsáætlun um úrgang. Þannig mun Umhverfisstofnun vinna tillögu að áætluninni og leggja fyrir ráðherra, að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga, Samtaka

atvinnulífsins og fleiri aðila eftir því sem við á. Áætlunin skal taka mið af lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim og hafa að markmiði að draga markvisst úr myndun úrgangs. Í áætluninni skulu m.a. koma fram markmið um forvarnir gegn myndun úrgangs, lýsa þeim forvarnarráðstöfunum sem þegar eru fyrir hendi og meta gagnsemi tiltekinna ráðstafana. Umhverfisstofnun skal auglýsa drög að landsáætlun í sex vikur þannig að hagsmunaaðilar, almenningur og stjórnvöld hafi tækifæri til að gera athugasemdir við hana. Almenningsi skal tryggður aðgangur að áætluninni, m.a. á vefsetri Umhverfisstofnunar. Meta skal áætlunina á a.m.k. sex ára fresti og endurskoða hana eftir þörfum. Greinin er sett til innleiðingar á 29. gr. tilskipunar 2008/98/EB.

#### *Um c-lið (7. gr.)*

Í c-lið er lagt til að sveitarstjórn skuli ákveða fyrirkomulag söfnunar á úrgangi í sveitarfélaginu. Þó er lagt til að sveitarstjórn skuli tryggja að sérstök söfnun á tilteknum úrgangi fari fram með þeim hætti að unnt sé að losa slíkan úrgang við íbúðarhús, lögbýli og atvinnuhúsnæði og við afleggjara að sumarhúsi. Hér er lagt til að almenningi sem og lögaðilum verði gert sem auðveldast að tileinka sér flokkun úrgangs og koma flokkuðum úrgangi frá sér á auðveldan hátt. Með þessu móti verður sveitarfélögum skylt að tryggja að íbúar geti komið frá sér flokkuðum úrgangi við heimili sín í auknu mæli. Telja verður að sú lausn sé best til þess fallin að auka flokkun úrgangs, einkum með tilliti til þarfa almennings.

Þá er lagt til að sveitarstjórn skuli sjá til þess að úrgangi sé safnað í sveitarfélaginu og að honum sé ráðstafað í samræmi við þessi lög og reglugerðir settum samkvæmt þeim. Hér með skýrum hætti kveðið á um skyldu sveitarstjórna að sjá til þess að öllum úrgangi sem fellur til í sveitarfélaginu sé safnað saman og ráðstafað með réttum hætti. Lagt er til að sveitarstjórnir beri ábyrgð á þessu verkefni, m.a. til að tryggja að allur úrgangur sem falli til sé safnað saman og sé ráðstafað með réttum hætti. Í flestum tilvikum er gert ráð fyrir að sveitarstjórn bjóði út söfnun og meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu. Til þess að skapa skýrari skil á milli hins opinbera og einkaaðila er lagt til að þær sveitarstjórnir sem kjósa að sjá um þessi mál sjálf skuli stofna sérstöku félög um þann rekstur sem starfi á samkeppnismarkaði.

Jafnframt skal sveitarstjórn sjá til þess að starfrækt sé móttökustöð fyrir úrgang. Þá getur sveitarstjórn getur sett sveitarfélaginu sérstaka samþykkt þar sem tilgreind eru atriði um söfnun og meðhöndlun úrgangs umfram það sem greinir í lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Greinin er sett til innleiðingar á 15. gr. tilskipunar 2008/98/EB.

#### *Um d-lið (8. gr.)*

Í d-lið er lagt til að notast skuli við úrgangsmetakerfi við forgangsöröðun í forvörnum gegn myndun úrgangs sem og í löggjöf um stjórnun og stefnu í úrgangsmálum. Almennt skal leitast við að velja þá kosti sem skila bestu heildarniðurstöðunni fyrir umhverfið og kann það að leiða til þess að tilteknir straumar úrgangs víki út frá metakerfinu þegar slíkt er réttlætanlegt út frá hugsun um áhrif alls vistferilsins á myndun og stjórnun slíks úrgangs.

Þá er lagt til að almennt skuli taka tillit til hinna almennu meginreglna um umhverfisvernd sem snúast um varúð og sjálfbærni, tæknilegan og efnahagslegan framkvæmanleika og verndun auðlinda, sem og heildaráhrifin á umhverfið, heilbrigði manna, hagkerfið og samfélagið.



Drög 2.3.2012

Greinin er sett til innleiðingar á 4. gr. tilskipunar 2008/98/EB.

*Um e-lið (9. gr.)*

Í e-lið er lagt til að almennt skuli tryggja að úrgangsstjórnun fari þannig fram að ekki skapist hætta fyrir heilbrigði manna, skaði ekki umhverfið.

Greinin er sett til innleiðingar á 13. gr. tilskipunar 2008/98/EB.

*Um f-lið (10. gr.)*

Greinin er efnislega samhljóða 10. gr. nógildandi laga.

*Um g-lið (11. gr.)*

Í g-lið er lagt til að úrgangur skuli fara í gegnum endurnýtingaraðgerðir að eins miklu leyti og unnt er. Jafnframt að safna skuli úrgangi sérstaklega ef það er nauðsynlegt til vegna endurnýtingar hans og til að auðvelda eða bæta endurnýtingu og ef það er tæknilega, umhverfislega og efnahagslega gerlegt og skal ekki blanda honum saman við annan úrgang eða efnivið sem hefur aðra eiginleika.

Greinin er sett til innleiðingar á 10. gr. tilskipunar 2008/98/EB.

*Um h-lið (12. gr.)*

Í h-lið er lagt til að almennt skuli við úrgangsstjórnun stuðlað að endurnotkun á vörum og undirbúning fyrir endurnotkun og komi verði á fót endurnotkunar- og endurvinnsluferfum. Jafnframt að almennt skuli við úrgangsstjórnun stuðlað að hágæðaendurvinnslu og koma í því skyni upp sérstakri söfnun á úrgangi þar sem það er tæknilega, umhverfislega og efnahagslega gerlegt og viðeigandi til að uppfylla nauðsynlega gæðastaðla í viðkomandi endurvinnslugeira.

Þá er lagt til að koma skuli á sérstakri söfnun á a.m.k. eftirfarandi: pappír, málmum, plasti, gleri og lífrænum úrgangi.

Greinin er sett til innleiðingar á 11. gr. tilskipunar 2008/98/EB.

*Um i-lið (13. gr.)*

Í i-lið er lagt til að úrgangi, sem ekki er endurnýttur, skuli fargað á viðeigandi hátt.

Greinin er sett til innleiðingar á 12. gr. tilskipunar 2008/98/EB.

*Um j-lið (14. gr.)*

Í j-lið er lagt til að við úrgangsstjórnun skuli ná tilteknum tölulegum markmiðum, sértækum markmiðum, vísnum eða viðmiðunum um forvarnir, undirbúning fyrir endurnotkun, endurvinnslu, endurnýtingu og förgun. Gert er ráð fyrir að ráðherra kveði á um þessi tölulegu markmið og viðmiðanir í reglugerð.

Um 6. gr.

Drög 2.3.2012

Í greininni er lagt til að tiltekin starfsemi verði ekki lengur starfsleyfis skyld. Um er að ræða aðila sem flytja úrgang, söfnunarstöðvar og endurnýting úrgangs. Gert er ráð fyrir að þessi starfsemi verði tilkynningarskyld til Umhverfisstofnunar og verði háð eftirliti frá heilbrigðisnefndum. Af þessum sökum er lögð til breyting á 5. gr. laganna.

Greinin er sett til innleiðingar á 23. og 24. gr. tilskipunar 2008/98/EB.

Um 7. gr.

Í greininni er lögð til breyting á 7. gr. laganna vegna breyttrar hugtakanotkunar, sbr. umfjöllun um 2. gr.

Um 8. gr.

Í greininni er lagðar til þrjár nýjar greinar við lögin.

Um a-lið (19. gr.)

Í a-lið er lagt til að rekstraraðilar tiltekinna fyrirtækja skulu tilkynna Umhverfisstofnun um upphaf og lok rekstrar. Í stað þess að skylda þessi fyrirtæki til að sækja um starfsleyfi er lagt til að þau verði háð tilkynningarskyldu. Eðli þessarar starfsemi er með þeim hætti að ekki er nauðsynlegt að krefja þurfi þau um að sækja um starfsleyfi enda sé gert ráð fyrir að sett verði almenn skilyrði í reglugerð sem þeim beri að fylgja eftir. Jafnframt verða þessi fyrirtæki undir eftirliti heilbrigðisnefnda.

Greinin er sett til innleiðingar á 24. gr. tilskipunar 2008/98/EB.

Um b-lið (20. gr.)

Í b-lið er lagt til að Umhverfisstofnun skuli halda skrá yfir tiltekin fyrirtæki. Jafnframt skal Umhverfisstofnun hafa þessa skrá aðgengilega á heimasíðu stofnunarinnar.

Greinin er sett til innleiðingar á 26. tilskipunar 2008/98/EB.

Um c-lið (21. gr.)

Í c-lið er lagt til að ráðherra sé heimilt að setja ákvæði í reglugerð um lágmarkstæknikröfur fyrir meðhöndlun úrgangs. Með þessu móti getur ráðherra sett almennar kröfur sem fyrirtæki, sem eru tilkynningarskyld, beri að fara eftir.

Greinin er sett til innleiðingar á 25. gr. og 27. tilskipunar 2008/98/EB.

Um 9. gr.

Í greininni er lögð til breyting á 9. gr. laganna. Lagt er til að rekstraraðilar, seljendur og miðlarar skuli fyrir 1. maí ár hvert skila til Umhverfisstofnunar skýrslu um þann úrgang sem

Drög 2.3.2012

meðhöndlaður var, eða höfð milliganga um meðhöndlun, á undangengnu almanaksári. Jafnframt er tilgreint hvað skýrslan skuli innihalda. Ekki þykir rétt að binda formi endanlega niður í frumvarpinu en æskilegt er að unnt sé breyta því nokkuð auðveldlega. Því er lagt til að Umhverfisstofnun leggi til formið. Að örðu leyti er greinin efnislega samhljóða 9. gr. laganna.

#### Um 10. gr.

Í greininni er lagt til að skýrt verði hvenær efni eða hlutur teljist aukaafurð en ekki úrgangur. Því er lagt til að efni eða hlutur, sem verður til í framleiðsluferli þar sem frumtilgangurinn er ekki framleiðsla þess efnis eða hlutar, geti aðeins talist vera aukaafurð en ekki úrgangur að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- a. öruggt er að efnið eða hluturinn verða notuð áfram,
- b. nota má efnið eða hlutinn beint án frekari vinnslu, annarrar en þeirrar er viðtekin venja í iðnaði,
- c. efnið eða hluturinn eru framleidd sem óaðskiljanlegur hluti í framleiðsluferli og
- d. frekari notkun er lögmæt, þ.e. efnið eða hluturinn uppfyllir allar sérstækar vöru-, umhverfis- og heilsuverndarkröfur vegna viðkomandi notkunar og mun ekki hafa í för með sér neikvæð áhrif á umhverfið eða heilbrigði manna þegar til heildarinnar er litið.

Greinin er sett til innleiðingar á 5. tilskipunar 2008/98/EB.

#### Um 11. gr.

Í greininni er lagt til að tveimur nýjum greinum verði bætt við lögina.

##### *Um a-lið (24. gr.)*

Í a-lið er lagt til að ráðherra hafi heimilt til að setja sérstækar viðmiðanir um hvernær úrgangur hættir að vera úrgangur.

Greinin er sett til innleiðingar á 6. tilskipunar 2008/98/EB.

##### *Um b-lið (25. gr.)*

Í b-lið er lagt til að ráðherra skuli setja í reglugerð skrá yfir úrgang. Skráin yfir úrgang skal m.a. taka til spilliefna og taka tillit til uppruna og samsetningar úrgangsins, og ef nauðsyn krefur, viðmiðunarmarka fyrir styrk hættulegra efna. Skráin skal tilgreina með skýrum hætti hvort úrgangur sé spilliefni eður ei og er sú tilgreining bindandi.

Greinin er sett til innleiðingar á 7. tilskipunar 2008/98/EB.

#### Um 12. gr.

Drög 2.3.2012

Í greininni er lögð til breyting á 11. gr. laganna.

1. mgr. er efnislega samhljóða 1. mgr. 11. gr. laganna.

2. mgr. er nýmæli. Hér er lagt til að óheimilt verði að taka gjald fyrir móttöku úrgangs á söfnunarstöð. Tilgangur með þessu ákvæði er að hvetja til þess að úrgangi sé skilað á söfnunarstöð í stað þess að honum sé ráðstafað með ólöglegum hætti. Með því að gera skil á úrgangi á söfnunarstöð gjaldfrjáls aukast líkur á að úrgangi sé skilað þangað í stað þess að vera ráðstafað með ólöglegum hætti.

3. og 4. mgr. er nýmæli að hluta. Lagt er til að sveitarfélögum verði skylt að innheimta gjald fyrir alla söfnun úrgangs annars vegar og meðhöndlun úrgangs hins vegar. Lagt er til að gjaldið verði fast gjald á hverja fasteignareiningu vegna íbúðarhúsa, sumarhúsa, lögbýla eða atvinnuhúsnæðis. Lagt er til að gjaldið verði tvískipt þannig að ljóst verði annars vegar kostnaður við söfnun úrgangsins og hins vegar meðhöndlun úrgangsins.

Að öðru leyti er greinin efnislega samhljóða 11. gr. laganna.

Greinin er sett til innleiðingar á 14. tilskipunar 2008/98/EB.

#### Um 13. gr.

Í greininni er lagt til að lögð verði áhersla á fræðslu til almennings. Lagt er til að Umhverfisstofnun skuli sjá um gerð fræðsluefnis, upplýsa og fræða almenning um úrgangsstjórnun í samráði við sveitarfélög, Úrvinnslusjóð, aðila sem bera framleiðendaábyrgð, fyrirtækja á skrá Umhverfisstofnunar og aðra aðila eftir því sem við á. Mikilvægt er að fræðsla til almennings verði aukin og því er lagt til að eitt stjórnvald hafi yfirumsjón með að slíkt sé gert.

#### Um 14. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 29. gr. núgildandi laga. Við greinina hefur verið bætt nokkrum atriðum sem ráðherra er heimilt að kveða nánar á um í reglugerð. Má þar nefna 4., 6., 7., 8., 9., 10., 11. og 12. tölul. 1. mgr. greinarinnar.

#### Um 15. gr.

Í greininni eru lagt til að fjórum nýjum greinum um spilliefni og lífrænan úrgang verði bætt við núgildandi lög.

Í a-lið er lagt til að framleiðsla, söfnun og flutningur spilliefna, sem og geymsla þeirra og meðhöndlun skuli vera með þeim hætti að vernd heilbrigðis manna og umhverfis sé tryggð. Jafnframt er lagt bann við að spilliefnum sé blandað saman við önnur spilliefni eða annan úrgang, efni eða efnivið. Framangreint bann tekur ekki til fyrirtækja sem hafa starfsleyfi til að meðhöndla spilliefna að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Þá er lagt til að ráðherra sé heimilt að setja í

Drög 2.3.2012

reglugerð nánari ákvæði um þessa grein. Greinin er sett til innleiðingar á 17. og 18. gr. tilskipunar 2008/98/EB. Svipað ákvæði er að finna í reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni.

Í b-lið er kveðið á um skyldu að setja spilliefni í viðeigandi umbúðir og merkja þau á viðeigandi hátt við söfnun, flutning og tímabundna geymslu þeirra. Jafnframt er lagt til að spilliefnum fylgi við flutning þeirra tiltekið auðkennisskírteini þar sem fram koma m.a. helstu upplýsingar um spilliefnin. Þá er lagt til að ráðherra sé heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um þessa grein. Greinin er sett til innleiðingar á 19. gr. tilskipunar 2008/98/EB. Svipað ákvæði er að finna í reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni.

Í c-lið er lagt til að handhafi spilliefna skuli halda skrár um magn og gerð spilliefna og tilgreina ráðstöfun þeirra. Jafnframt að allar færslur skuli varðveittar í a.m.k. 3 ár. og að eftirlitsaðilar skuli hafa aðgang að þeim. Þá er lagt til að ráðherra sé heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um þessa grein. Greinin er sett til innleiðingar á 35. gr. tilskipunar 2008/98/EB. Svipað ákvæði er að finna í reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni.

Í d-lið er lagt til að lífrænn úrgangur skuli meðhöndlaður í samræmi við úrgangsmetakerfið og að meðhöndlun hans skuli vera með þeim hætti að vernd heilbrigðis manna og umhverfis sé tryggð. Einkum með því að úrgangur sé notaður svo sem í moltugerð og gasvinnslu. Þá er lagt til að ráðherra sé heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um þessa grein. Greinin er sett til innleiðingar á 22. gr. tilskipunar 2008/98/EB.

Um 16. gr.

Í greininni er gerð grein fyrir því að frumvarpinu er ætlað að innleiða tilskipun 2008/98/EB um úrgang og niðurfellingu tiltekinna tilskipana.

Um 17. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.